

## Embla Rún Björnsdóttir

### Dagur í lífi sérnámsgrunnslæknis

## Blaut á bak við eyrun

**07:00** Vakna, fer aftur að sofa.

**07:10** Fjórir litlir loðnir brjálæðingar láta mig ekki vera því þau vilja fá morgunmatinn sinn, neyðist til að rísa úr rekkju og klæða mig.

**07:15** Öskrað á mig af öllum lífs og sálarkröftum á tungumáli sem ég skil ekki, svo ég gef ferfætlingunum morgunmat áður en ég fæ mér eitthvað sjálf. Go to er Nocco límon, hafragrautur með púður-sykri og ristað brauð með kæfu (hjá mér, kisurnar vilja bara kisumat). Nauðsynlegt að fá næga orku til að takast á við stofugang til hádegis.

**07:30** Drösla kærastanum út, hann skilur ekki daglega kvíðakastið við að reyna að ná stæði á Landspítalanum.

**07:59** Skrái mig inn, early bird gets the worm. Mæti tímanlega upp á deild (er ekki að skrökva). Opna tölvuna eftir morgunfund og það fyrsta sem ég kíkí á er matseðill dagsins, er alltaf vinsæl að vita hvað er í matinn í dag.

**09:00-11:30** Next up er stofugangur, er mjög fljót að finna deildarkrúttið (sjá Dagur í lífi Alexöndru Ásgeirs í *Lækna-bladini* 03. tbl. 111 árg. 2025), takk fyrir að koma með gott heiti á þetta fenomen Alexandra! Er feimna týpan svo ég elska þegar sérfræðingurinn talar bara, þau muna líka alltaf alla ævisöguna hjá sjúklingunum??? Fíla ekki spurninguna „Vilt þú ekki tala bara?“

**11:31** Byrja að hinta við teymið að það sé að koma hádegismatur, er vanalega orðin mjög svöng á þessum tíma og garna gaulið farið að hafa áhrif á vinnu-andann.

**12:10** Næ loksins að hoppa í mat með góðri samvisku, það er fahítas og Nocco límon númer tvö á mig. Líklegast eina manneskjan í húsinu sem elskar alltaf hádegismatinn, plís ekki kvarta yfir þessu geggjaða lasanja með pestói á minni vakt.

**13:30-16:00** Klára allt sem á eftir að gera. Dagálar, útskriftir, panta blóðprufur. Er löngu hætt að vera feimin að hringja konsúlt, finnst núna bara gaman innst inni þegar sérfræðingarnir fíra aðeins upp í grillinu. Mana mig upp í að biðja sérfræðinginn á teyminu um sérfræðingsmatsblað í ePortfolio, skammast mín samt alltaf smá fyrir það svo ég bið hann um að eyða alls ekki meira en 28 sekúndum í þetta.

**16:00-19:00** Tími fyrir allt annað sem er mikilvægt í lífinu. Númer eitt, tvö og þrjú er að hitta fjölskylduna, litlu frændsystkinin Máni, Heiðís og Myrra gefa lífinu lit. Mamma, pabbi og afi eru besta fólk í heimi, get talað við mömmu um áhugaverð tilfelli því hún er lyfjafræðingur. Pabbi skilur ekki stakt orð en reynir þó alltaf að sýna áhuga. Ég vil helst nýta allan minn frítíma í samverustundir með þeim, vinkonunum eða í ræktinni. Þarf kannski að finna mér ein-



Ég, mamma, pabbi og kærastinn í útskriftarveislunni minni í sumar.

hver hobbí líka, núna þegar heimanámið er búið að eilífu!

**19:00** Einkakokkurinn minn hefur reitt fram dýrindis pasta. Horfum alltaf á eitthvað skemmtilegt með matnum, þessa dagana hefur The Pitt verið að slá í gegn (en sumir ýta reyndar alltaf á off takkann um leið og það kemur smá blóð...).

**21:30** Bið ennþá eftir því öll kvöld að hringt sé í mig því ég gerði einhver geigvænleg mistök eða út af því að hver einn og einasti sjúklingur sem ég var með á mínum snærum er í skakkaföllum, það gerist samt einhvern veginn aldrei. Ofhugsa líka þetta eina heimskulega sem ég sagði í dag þótt ég hafi sagt alveg tíu aðra frekar gáfulega hluti.

**22:00** Kúr með kisum og kæró, góða nótt!